



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 17. október 2024

MSS24090104

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hljóðvist á vinnustöðum Reykjavíkurborgar.

Á fundi borgarráðs 19. september var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um stöðu hljóðvistar á vinnustöðum Reykjavíkurborgar. Hvernig er eftirliti háttað, hversu oft eru þessi mál skoðuð og hvernig? Hvernig er dregið úr hávaða á hávaðasömum vinnustöðum eins og í skrifstofurýmum og skólum? Hefur verið gerð úttekt á hljóðvist eftir að opin rými komu til sögunnar?

Svar:

Hljóðvist er hægt að skipta upp í tvennt, annars vegar viðvarandi hávaði eða hávaði af völdum högga. Hávaði getur valdið streitu og varanlegu heyrnatjóni og jafnvel aukið slyshættu. Það er ekki eingöngu styrkur hávaða sem hefur áhrif á skaðsemi, tíminn sem unnið er í hávaða hefur líka mikla þýðingu.

Hávaði þarf ekki að vera óhóflega mikill til að valda vandamálum á vinnustað. Þegar fléttast saman hávaði og aðrir áhættuþættir á vinnustað þá getur það aukið hættuna. Tiltölulega lítill hávaði, s.s. stanslaust suð frá loftræstikerfi getur t.d. valdið streitu hjá starfsmönnum. Mikill hávaði getur gert starfsfólki erfitt fyrir að heyra og koma á framfæri skilaboðum og á þann hátt aukið hættu á slysum. Vinnutengd streita (þar sem hávaði er e.t.v. einn þátturinn) getur aukið þennan vanda.

Allir sem búa við hávaða í vinnu tilheyra áhættuhópnum. Því meiri sem hávaðinn er og því lengur sem hann varir, því meiri hættu er á tjóni af völdum hans.

Síðast liðinn vetur hófst vinna við áhættugreiningu starfa hjá borginni. Þessi vinna byggir á Öryggisstefnu Reykjavíkurborgar frá 2022, og þeirri lagaskyldu að allir vinnustaðir séu með öryggis- og heilbrigðisáætlun, en slík áætlun snýr að öryggi og heilsu starfsfólks. Þessari vinnu er í raun aldrei lokið, þar sem öryggis- og heilbrigðisáætlanir þarf að uppfæra reglulega, en stefnt er að því að stærstu svið borgarinnar verði komin með öryggis- og heilbrigðisáætlanir fyrir stærstu þjónustupætti sína á vormánuðum 2025. Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á þessari vinnu, en öryggisnefndir sviða og



Reykjavík



allt net öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna kemur að málinu, auk starfsfólks og stjórnenda á starfsstöðum.

Fram hefur komið hjá þeim hópum sem tekið hafa þátt í áhættugreiningunni, eins og fulltrúum skóla og leikskóla og sundlauga, að hljóðvist er misgóð á starfsstöðum borgarinnar. Hljóðvist fer eftir starfsemi, aldri húsnæðis og hvort húsnæði er hannað fyrir þá starfsemi sem þar er rekin. Ekki er algengt á vinnustöðum Reykjavíkurborgar að hávaði sé viðvarandi alla daga en þó koma toppar þar sem mikill hávaði getur myndast í takmarkaðan tíma.

Í kjölfar áhættugreiningar starfa hjá Reykjavíkurborg er því fylgt eftir að starfsstaðir, sem ekki nú þegar hafa gert slíkt, geri úttekt á sínu húsnæði. Innifalið í þeirri vinnu er almenn úttekt á hljóðvist. Ef niðurstöður slíkrar úttektar leiða í ljós að hljóðvist sé slæm, þarf að ráðast í úrbætur.

Úrbætur geta verið ýmsar til að koma í veg fyrir slæma hljóðvist. Meðal annars með því að fjarlægja hljóðvald (t.d. skipta upp hópum í rýmum), notast við hljóðtemprandi efni, setja umgengisreglur (t.d. í opnum vinnurýmum) og að starfsfólk notist við heyrnahlífar (t.d. heyrnatól, „Ear loops“). Á skrifstofuvinnustöðum er almennt ekki um að ræða hávaða, heldur frekar væga truflun frá t.d. samtölum, og lausnin á því er yfirleitt að setja umgengnisreglur.

Það er á ábyrgð hvers og eins starfsstaðar að meta hljóðvist hjá sér og ráðast í úrbætur ef þurfa þykir. Umhverfis- og skipulagssvið annast mælingar á hljóðvist hjá þeim starfsstöðum sem þess óska.

Virðingarfyllt,
Lóa Birna Birgisdóttir
*sviðsstjóri,
mannauðs- og starfsumhverfissviði*